

## Félagsheimilið á Blönduósi

### FUNDUR - 17. janúar 2006

Stjórnarfundur haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi ehf. þriðjudaginn 17. janúar 2006 klukkan 17,30.

Mættir eru undirritaðir.

Dagskrá:  
Rekstur hússins.  
Önnur mál.

Jóhanna formaður, setti fund og bauð fólk velkomið. Kári Kárason óskar eftir að starfsheiti sitt heiti rekstrarstjóri en ekki húsvörður. Hann lagði fram tölur með samanburði á milli ára í rekstri og sýndi fram á bætta afkomu undanfarna mánuði, og lagði fram tillögur að breyttri gjaldskrá.

Ýmsar umræður urðu um gjaldskrána og ljóst að það þarf að gera hana sýnilegri og einfaldari.

Kári skýrði stjórninni frá því að hann ætlaði að gera tilraun til að sýna ótextaða mynd í bíósalnum þar eð ekki eru möguleikar á að sýna textaða mynd sökum nýjunga í tæknimálum.

Dansgólfið verður tekið í gegn nk, fimmtudag og verður það þússað og olíuborið. Einnig verður teppi hreinsað og flísar í anddyri teknar í gagn.

Kári sagði frá ýmsu sem er á döfinni í húsinu og miklar umræður urðu um reksturinn í framtíðinni.

Önnur mál eru engin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl: 18:00.

Jóhanna G. Jónasdóttir  
Valdimar Guðmannsson  
Ágúst Þór Bragason  
Stefán Hafsteinsson

Kristín Guðjónsdóttir